

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 24. ágúst 1999.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema samkvæmt 5. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðast svo:

Nú verður tilnefningaraðili ekki við ósk menntamálaráðuneytisins um tilnefningu fulltrúa í áfrýjunarnefndina innan tveggja mánaða frá því að tilnefningar var fyrst óskað og skipar þá menntamálaráðherra fulltrúa þess aðila án tilnefningar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 13. ágúst 1999.

Björn Bjarnason.

Valur Árnason.

GJALDSKRÁ

fyrir Kvótapiing Íslands fiskveiðiárið 1999-2000.

1. gr.

Þóknun fyrir skráningu og greiðslumiðlun vegna tilboðs sem skráð er á Kvótapiingi Íslands skal vera kr. 700 auk 0,13% af verðmæti viðskipta á grundvelli tilboðsins.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett með stoð í 7. gr. laga nr. 11/1998 og samþykkt af stjórn Kvótapiings Íslands staðfestist hér með og öðlast gildi 1. september 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. ágúst 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.